



# Ársskýrsla Íþróttabandalags Reykjavíkur 1954

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Ársskýrsla – ÍR –  
Íþróttabandalag Reykjavíkur – Kosning – Kjörbréfanefnd – Tillögur – Mál – Fastanefndir – Umræður -  
1954


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-14, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



**ÁRSSKÝRSLA**  
**Íþróttabandalags Reykjavíkur**  
**1954**

**adidas**

Knattspyrnuskór  
Hlaupaskór  
Æfingaskór

*Heimsfrægir  
fyrir gæði*



Dýzku heimsmeistararnir í knattspyrnu notuðu allir adidas skó í keppninni 1954

EINKAUMBOD Á ÍSLANDI:

**BJÖRGVIN SCHRAM**

*Umboðs- og heildverzlun*

HAFNARHVOLI

SÍMAR 8-27-80 OG 1653

ÁRSSKÝRSLA

Íþróttabandalags Reykjavíkur

1954



REYKJAVÍK

1955



*Gísli Halldórsson formaður*

Frákvæmda-  
stjórn  
ÍBR  
1954



*Sigurgeir Guðmannsson frákv.stj.*



*Baldur Möller varaformaður*



*Jón Þórðarson ritari*



*Björn Björgvinsson gjaldkeri*



*Andreas Bergmann bréfitari*

VÍKINGSÞRENT

## Dagskrá ársþings ÍBR 1955

### Fyrri dagur:

1. Þingsetning.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning 1. og 2. þingforseta.
4. Kosning 1. og 2. þingritara.
5. Ársskýrsla stjórnarinnar rædd.  
Reikningar bandalagsins ræddir og samþykktir.  
Reikningar Íþróttahúss ÍBR ræddir og samþykktir.  
Reikningar Slysasjóðs ræddir og samþykktir.  
Gefið yfirlit yfir aðra reikninga.
6. Ræddar tillögur og mál, sem fyrir liggja.
7. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og skattgreiðslur félaganna.
8. Kosnar fastanefndir: fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd og íþróttanefnd.

— Þinghlé —

### Síðari dagur:

9. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
10. Tilkynnt tilnefning í fulltrúaráð ÍBR.
11. a. Kosinn formaður ÍBR.  
b. Kosnir 2 endurskoðendur og 2 til vara.  
c. Kosið í Héraðsdómstól ÍBR.
12. Önnur mál.
13. Þingslit.

#### Fulltrúaráð ÍBR 1954

Á ársþingi bandalagsins í marz 1954 var Gísli Halldórsson, arkitekt, kjörinn formaður ÍBR og þá í 6. sinn Auk formanns skipuðu eftirtaldir menn Fulltrúaráð bandalagsins:

Baldur Möller: Glímufélagið Ármann.  
Guðlaugur Guðjónsson: Golfklúbbur Reykjavíkur.  
Katrín Jónsdóttir: Íþróttafélag kvenna.  
Örn Clausen: Íþróttafélag Reykjavíkur.  
Ingólfur Halldórsson: Íþróttafélag stúdenta.  
Jón Þórðarson: Knattspyrnufélagið Fram.  
Björn Björgvinsson: Knattspyrnufélag Reykjavíkur.  
Andreas Bergmann: Knattspyrnufélagið Valur.  
Ólafur Jónsson (útv.v.): Knattspyrnufélagið Víkingur.  
Arnór Óskarsson: Knattspyrnufélagið Þróttur.  
Ingi Þorsteinsson: Körfuknattleiksfélagið Gosi.  
Gísli Ólafsson: Róðrafélag Reykjavíkur.  
Sigurjón Danivalsson: Skautafélag Reykjavíkur.  
Stefán G. Björnsson: Skíðafélag Reykjavíkur.  
Aðalsteinn Sigurðsson: Skátafélag Reykjavíkur.  
Erlendur Vilhjálmsson: Skotfélag Reykjavíkur.  
Þórður Guðmundsson: Sundfélagið Ægir.  
Haukur Gunnarsson: Tennis- og badmintonfél. Rvíkur.  
Stefán Runólfsson: Ungmennafélag Reykjavíkur.

Fulltrúaráðið hélt alls 6 fundi á árinu og voru allir haldnir á skrifstofu bandalagsins.

Fundarstjóri var kjörinn Stefán G. Björnsson og vara-fundarstjóri Erlendur Vilhjálmsson.

Fundarritari var kjörinn Örn Clausen og varafundarritari Sigurjón Danivalsson.

#### Framkvæmdastjórn ÍBR

Fulltrúaráðið kaus 4 menn úr sínum hópi í framkvæmdastjórn með formanni.

Framkvæmdastjórnina skipuðu:

Gísli Halldórsson, formaður,  
Baldur Möller, varaformaður,  
Björn Björgvinsson, gjaldkeri,  
Jón Þórðarson, ritari,  
Andreas Bergmann, bréfritari.

Framkvæmdastjórnin hélt alls 35 fundi á árinu og tók fyrir og afgreiddi 202 mál.

#### Framkvæmdastjóraskipti

Um miðjan maí-mánuði lét Sigurður Magnússon, framkvæmdastjóri bandalagsins, af störfum sem framkvæmdastjóri bandalagsins, en því starfi hafði hann þá gegnt af óviðjafnanlegri atorku og dugnaði í tæp sex ár.

Framkvæmdastjóri bandalagsins var ráðinn Sigurgeir Guðmannson.

#### Íþróttahús ÍBR

var rekið með svipuðu sniði og fyrirkomulagi og undanfarin ár. Síðari hluta starfsársins var horfið að því að hækka leiguverð hvers einstaks æfingatíma og er það nú kr. 50.00. Lágmarksleiga á mótum var aftur á móti ekki hækkuð og er óbreytt, kr. 225.00, en annars renna 25% af andvirði seldra aðgöngumiða til hússins.

Húsverðir hafa verið þeir Hans Christensen og Þorbjörn Pétursson.

Þegar Íþróttabandalagið fékk íþróttahúsið í lok styrjaldarinnar gerbreyttist öll aðstaða til sýninga og kappmóta, því að áður hafði ekki verið fyrir hendi íþróttahús með rými fyrir áhorfendur svo nokkru næmi. Við tilkomu þessa húss tók iðkun ýmissa íþróttagreina miklum stakka-skiptum og er þar helzt að nefna handknattleik, sem þróaðist ört á fyrstu árunum. Í upphafi var svo ráð fyrir gert, að afnot af íþróttahúsinu yrðu aðeins til bráðabirgða eða

um stutt árabíl á meðan unnið yrði að því að reisa nýtt og fullkomið íþróttahús með sýningar og keppni fyrir augum.

Árið 1948 var stofnað Bandalag Æskulýðsfélaganna í Reykjavík með aðild 14 íþróttafélaga. Í sambandi við fyrirhugaða byggingu Æskulýðshallar BÆR var áformað að reisa íþróttahús, og með aðild íþróttafélaganna að samtökunum voru hendur Íþróttabandalagsins bundnar, þ. e. bandalagið var ekki aðili að áðurnefndum samtökum.

Nú er svo komið, að Íþróttahúsið við Hálogaland má heita ónothæft til íþróttaiðkana, það er enn rétt viðunandi sem æfingahús, en sem miðstöð sýninga- og kappmóta er það allsendis ófullnægjandi. Það var í upphafi reist sem bráðabirgðahús og ekki ætluð lengri not en til loka stríðsins. Þar sem svo hefur verið, hefur aldrei verið ráðist í þær viðgerðir, sem nauðsynlegar hefðu verið, vegna kostnaðar og umfangs, en þótt reynt hafi verið að halda í horfinu, hefur rekstur og viðhald orðið æ kostnaðarmeira. Það dylst engum, sem inn í húsið kemur, að öll hin mikla og dýra hitun hússins muni nýtast óeðlilega lítið.

Á meðan Íþróttahúsið var eina æfingahúsið með stórum sal fyrir handknattleik, knattspyrnu og badminton, var eftirspurnin eftir æfingatímum meiri en framboðið. Nú hefur viðhorfið breytzt og með starfrækslu 2 æfingaskála á næsta vetri hjá KR og Val, er hætt við, að Íþróttahúsið verði ekki fullnýtt, þar sem það er ekki samkeppnisfært hvað allan aðbúnað snertir.

## Styrkveitingar

### Fjárveiting Reykjavíkurbæjar

Bæjarstjórn Reykjavíkur veitti fjárstyrki til íþróttahreyfingarinnar í bænum samkvæmt tillögum ÍBR að upphæð kr. 415.000.00 og var styrkupp hæðin kr. 45.000.00 hærri en árið áður.

Fjárveitingunni skipti fulltrúaráðið á milli einstakra aðila svo:

#### 1. Kennslustyrkir:

Árman	kr. 16.000.00
KR	— 14.000.00
ÍR	— 12.000.00
UMFR	— 5.000.00
Valur	— 4.300.00
Fram	— 4.300.00
Vikingur	— 4.300.00
Próttur	— 4.300.00
Ægir	— 2.300.00
Golfklúbbur Reykjavíkur	— 1.500.00
Róðrafélag Reykjavíkur	— 1.500.00
Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur	— 1.200.00
Íþróttafélag kvenna	— 1.000.00
Skyldingafélag Reykjavíkur	— 1.000.00
Skotfélag Reykjavíkur	— 1.000.00
Skandinavisk Boldklub	— 1.000.00
Skautafélag Reykjavíkur	— 1.000.00
Körfuknattleiksfélagið Gosi	— 1.000.00
	kr. 77.200.00

#### 2. Rekstur íþróttavalla og félagsheimila:

Fram	kr. 6.000.00
KR	— 6.000.00
Valur	— 6.000.00

3. Skrifstofukostnaður ÍBR	— 12.000.00
4. Læknisskoðun íþróttamanna	— 45.000.00
5. Félagsheimili á Íþróttavellinum	— 17.000.00
6. Viðhald skautasvells	— 12.000.00
7. Íþróttahús ÍBR	— 30.500.00
8. Utanför fimleikaflokks KR til Noregs	— 5.000.00
9. Styrkir til skíðastarfssemi:	— 5.000.00

Árman	kr. 5.000.00
Skíðafélag Reykjavíkur	— 5.000.00
ÍR	— 3.000.00
KR	— 3.000.00
Valur	— 3.000.00
Vikingur	— 3.000.00

ÍK .....	—	2.000.00	
Skiðasveit skáta .....	—	2.000.00	
			kr. 26.000.00

10. Íþróttasvæði og félagsheimili:

KR .....	kr. 68.000.00		
UMFR .....	—	40.000.00	
Vikingur .....	—	30.000.00	
Valur .....	—	26.000.00	
Árman .....	—	9.200.00	
Fram .....	—	4.900.00	
Róðrafélag Reykjavíkur .....	—	1.200.00	
		—	179.300.00
			Samtals kr. 415.000.00

Frankvæmdastjórnin sótti um, að Íþróttabandalagið fengi nokkra hækkun á styrknum til starfseminnar á yfirstandandi ári og hefur bæjarstjórn þegar samþykkt að veita bandalaginu kr. 470.000.00 til ráðstöfunar.

Stjórn bandalagsins vil færa borgarstjóranum, hr. Gunnari Thoroddsen og bæjarstjórn þakkir fyrir veittan stuðning og vinsemd í garð Íþróttahreyfingarinnar og skilning á fjárförf hennar fyrr og síðar.

**Styrkur vallarstjórnar**

Eins og undanfarin ár, veitti stjórn íþróttasvæðanna styrki til byggingarframkvæmda félagananna á íþróttasvæðum þeirra. Nam framlagið kr. 45.000.00, eins og verið hefur undanfarin ár, og skiptist það þannig skv. tillögum framkvæmdastjórnarinnar:

KR .....	kr. 17.000.00		
UMFR .....	—	13.000.00	
Valur .....	—	8.000.00	
Vikingur .....	—	7.000.00	
		—	kr. 45.000.00

Viljum vér færa stjórn íþróttasvæðanna þakkir fyrir þann skilning, sem hún hefur ætíð sýnt á framkvæmdum íþróttafélaganna og fyrir veittan stuðning á liðnum árum.

Í sambandi við úthlutun þessarar styrkuppþæðar þykir oss rétt, að fram komi styrkuppþæð sú, sem félögunum hefur nú verið úthlutað af fjárframlögum frá Reykjavíkurbæ til byggingar íþróttasvæða sinna. Stjórn Íþróttabandalagsins hefur fylgt þeirri reglu að veita félögunum styrk sem svarar 30% af kostnaðarverði framkvæmdanna samkvæmt framlögðum, endurskoðuðum reikningum. Alls nemur sú upphæð kr. 956.800.00, sem veitt hefur verið til þessara framkvæmda.

Heildarkostnaður félagananna nam um síðustu áramót kr. 4.904.000.00 og 30% af þeirri upphæð er kr. 1.471.200. Vantar því enn kr. 514.400.00 til þess að framkvæmdirnar hafi hlotið styrk samkvæmt framansögðu.

**Kennslustyrkur ÍSÍ 1954**

Á síðastliðnu ári varð sú breyting á skiptingu kennslustyrkja, sem Íþróttanefnd ríkisins úthlutar Íþróttahreyfingunni af fjárframlagi Alþingis til hennar, að öll styrkuppþæðin, sem í hlut Reykjavíkur kemur, fer nú um hendur bandalagsins. Áður fór styrkuppþæðin til Reykjavíkurfélaganna um sérsamböndin og sérráðin og um bandalagið til þeirra íþróttagreina, sem ekki eru innan sérsambanda.

Stjórn ÍSÍ úthlutaði bandalaginu styrk að upphæð kr. 42.188.11 og skipti fulltrúaráðið upphæðinni þannig milli hinna ýmsu félaga:

Árman .....	kr. 9.010.00	
KR .....	—	7.568.11
ÍR .....	—	5.820.00
Valur .....	—	3.930.00
Fram .....	—	2.990.00

Próttur .....	— 2.100.00
UMFR .....	— 1.750.00
Víkingur .....	— 1.565.00
Ægir .....	— 1.040.00
TBR .....	— 1.040.00
Róðrafélag Reykjavíkur .....	— 1.040.00
Golfklúbbur Reykjavíkur .....	— 780.00
Skandinavisk Boldklub .....	— 770.00
Skyldingafélag Reykjavíkur .....	— 620.00
Körfuknattleiksfélagið Gosi .....	— 620.00
Skotfélag Reykjavíkur .....	— 515.00
Skautafélag Reykjavíkur .....	— 515.00

Samtals kr. 42.188.11

Viljum vér færa stjórn Íþróttasambands Íslands og Íþróttanefnd ríkisins beztu þakkir fyrir veittan stuðning og glöggan skilning á fjárförf félaganna til kostnaðarsams og vaxandi reksturs.

Á fundi Sambandsráðs ÍSÍ s. l. haust var samþykkt að taka framvegis við úthlutun kennslustyrkja tillit til kostnaðar við húsaleigu vegna æfinga og einnig til kennslu sjálfboðaliða, en til þessa hefur ekki verið tekið tillit nema til greiddra kennslulauna.

### Ýms mál

#### ÍBR 10 ára

Hinn 31. ágúst s. l. voru 10 ár liðin frá stofnun bandalagsins og ákvað framkvæmdastjórnin að minnst þess á sérstakan hátt.

—o—

Snemma sumars fékk stjórnin Halldór Pétursson, listmálara til þess að gera tillögur um merki fyrir bandalagið. Valdi hún síðan milli fjögurra hugmynda og varð þessi fyrir valinu:



Merkið er þrílitt, umgjörð, stafir og stytta er gyllt, hornin rauð og þríhyrningurinn blár. Er óhætt að fullyrða, að merkið sé meðal fallegustu merkja, sem hér eru notuð, og kunnum vér listamanninum beztu þakkir fyrir hugmynd hans.

—o—

Árið 1950 var samþykkt reglugerð fyrir heiðursviðurkenningar ÍBR og á s. l. ári samþykkti framkvæmdastjórnin að láta reglugerðina koma til framkvæmda í tilefni af afmæli bandalagsins. Var gerð heiðursmerkjanna ákveðin í samræmi við teikningu Halldórs Péturssonar og voru framleidd 12 gullmerki með merki bandalagsins.

Hinn 31. ágúst sæmdi framkvæmdastjórnin Bjarna Benediktsson, dómsmálaráðherra og fyrrverandi borgarstjóra, og Gunnar Thoroddsen, borgarstjóra gullmerki ÍBR. Á fyrsta áratug bandalagsins hefur stuðningur þeirra og margvísleg fyrirgreiðsla verið ómetanleg fyrir viðgang þess og reykviskra íþrótta.

—o—

Ýmissa orsaka vegna reyndist ekki unnt að minnst dagsins með hófi, en hinn 23. sept. bauð framkvæmdastjórnin til afmælishófs í Þjóðleikhúskjallaranum. Voru í sambandi við það 10 forystumenn reykviskra íþróttamála heiðraðir fyrir margvísleg og heillarík störf á liðnum árum.

Þessir menn voru sæmdir gullmerki ÍBR:

Benedikt G. Waage,  
Benedikt Jakobsson,  
Erlendur Ó. Pétursson,  
Erlingur Pálsson,  
Gunnar Þorsteinsson,  
Jens Guðbjörnsson,  
Kristján L. Gestsson,  
Ólafur Sigurðsson,  
Úlfar Þórðarson,  
Þorsteinn Einarsson.

—o—

Framkvæmdastjórninni þótti tilhlýðilegt að minnast afmælisins með íþróttakeppni og leitaði hófanna við stjórn Íþróttabandalags Akraness um bæjakeppni í knattspyrnu í því tilefni milli Reykjavíkur og Akranes. Vegna landsleiks erlendis í lok ágúst og utanferðar Akraness-liðsins í september varð að samkomulagi að keppnin færi ekki fram fyrr en vorið 1955.

—o—

Á síðastliðnu sumri var leitað eftir kaupum á barnnælum með merki bandalagsins og eru þær fyrir nokkru komnar til landsins. Hefur framkvæmdastjórnin samþykkt að veita merkið keppendum í viðurkenndum bæjakeppnum, og einnig hefur verið ákveðið að gefa einstaklingum kost á að kaupa merkið og hefur verið þess verið ákveðið kr. 15.00.

#### Samnorræna sundkeppnin 1954

Í maí-mánuði skipaði framkvæmdastjórnin eftirtalda menn í nefnd til þess að annast framkvæmd 2. Samnorrænu sundkeppninnar hér í Reykjavík.

Einar Sæmundsson, form. Sundráðs Rvíkur, formann,  
Gunnar Friðriksson, forstjóra,

Atla Steinarsson, blaðamann,  
Svövu Pétursdóttir, form. Sundfélags kvenna,  
Sigurgeir Guðmannsson, frkvstj. ÍBR,  
og ennfremur tók Sigurður Magnússon, fyrrv. framkv.stj. ÍBR sæti í nefndinn samkvæmt áskorun hennar.

Störf nefndarnair voru að mestu sniðin eftir þeirri reynslu, sem fékkst af framkvæmd sundkeppninnar 1951, þótt í ýmsu væri breytt til vegna breyttra aðstæðna. Nefndin annaðist undirbúning og skipulagði framkvæmd keppninnar á sundstöðunum í samvinnu við yfirmenn þeirra til þess að keppnin gæti gengið sem greiðlegast. Synt var í Sundhöll Reykjavíkur, Sundlaugunum, Sundlaug Austurbæjarskólans og í sjóbaðstaðnum í Nauthólsvík. Alls syntu hér í Reykjavík 16.478 manns eða rúmlega 4. hver borgari.

Í sambandi við keppnina var komið á þátttökukeppni milli Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar. Til þeirrar keppni gaf Vélasalan h.f. fagran bikar, sem Hafnirfðingar unnu til eignar, en þeir náðu 1/2% betri þátttöku en Reykvikingar.

Framkvæmdastjórnin vill hér með færa framkvæmda-nefndinni þakkir fyrir vel unnin störf, ennfremur Sundráði Reykjavíkur og öðrum, sem stuðluðu að hinni ágætu þátttöku í Reykjavík.

#### Vallarstjórn

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu bandalagsins, var snemma á síðasta ári skipuð ný stjórn fyrir íþróttasvæðin. Voru sömu menn skipaðir og sæti hafa átt í henni undanfarin 4 ár, þeir Birgir Kjaran, formaður; Jón Þórðarson, gjaldkeri; Haraldur Guðmundsson, ritari; Ragnar Lárusson og Bragi Kristjánsson. Voru þeir Birgir og Ragnar kjörnir af bæjarstjórn, en Bragi, Haraldur og Jón kjörnir af Fulltrúarráði bandalagsins að aðstöðnu síðasta ársþingi.

### Húsbyggingarsjóður ÍBR

Á afmæli bandalagsins, hinn 31. ágúst, kom framkvæmdastjórnin saman til fundar og tilkynnti þá formaður, að nokkrir velunnarar bandalagsins hefðu stofnað Húsbyggingarsjóð og lagt fram 10.000.00 kr. sem stofnfé. Nú nemur sjóðurinn kr. 26.334.21 og eru góðar horfur á, að á yfirstandandi ári geti bandalagið eignast húsnæði fyrir skrifstofur sínar og annarra aðila þess.

### Greiðslur slysbóta

Á síðasta ár voru veittar bætur vegna slysa úr Slysavtryggingarsjóði til ýmissa íþróttamanna að upphæð kr. 15.076.90. Varðandi nánari skiptingu bótanna vísast til meðfylgjandi reikninga sjóðsins.

### Sundlaug Vesturbæjar

S. l. ár var Bárður Ísleifsson, arkitekt, ráðinn af byggingarnefnd Sundlaugarinnar til þess að undirbúa teikningar af væntanlegri Sundlaug Vesturbæjar. Mun hann innan skamms hafa lokið þeim og hafa hugmyndir hans hlotið samþykki viðkomandi aðila. Lauginni hefur á skipulagsuppdraetti verið ætlaður staður við Hofsvallagötu eða miðsvæðis í Vesturbænum sunnanverðum. Mun að forfallalausum verða hafizt handa um framkvæmdir þegar á næsta vori, og með tilliti til þess hefur bæjarstjórn samþykkt framlag til laugarinnar að upphæð kr. 300.000.00, en í vörzlum bandalagsins er byggingarsjóður að upphæð kr. 309.595.84.

### Hátíðahöldin 17. júní

Í Þjóðhátíðarnefnd voru skipaðir af hálfu Íþróttabandalagsins þeir Gísli Halldórsson, Jens Guðbjörnsson, Erlendur Ó. Pétursson og Sigurður Magnússon, en af bæjarstjórn voru skipaðir þeir Þór Sandholt, formaður; Björn Vilmundarson; Böðar Pétursson og Friðjón Þórðarson.

Hátíðahöldin á Íþróttavellinum voru með líku fyrir-

komulagi og árið áður. Í tilefni af 10 ára afmæli lýðveldisins gengu flokkar frá nær öllum íþróttafélögum fylktu liði inn á völlinn við setningu hátíðarinnar, og setti þessi glæsilega skrúðganga mjög mikinn svip á hátíðahöldin. Sýningar og keppni voru með líku fyrirkomulagi og árið áður, en reynt var að breyta til með greinar og sýna aðrar en árið áður. Í fyrsta sinn var knattspyrnukeppni með á dagskrá hátíðarinnar, og fór fram keppni milli Austur- og Vesturbæjar.

### Læknisskoðun íþróttamanna

Jón Eiríksson gegndi störfum íþróttalæknis og hafði hann aðsetur sitt í húsakynnum Íþróttavallarins. Snemma síðasta árs fór hann utan til Noregs til þess að kynna sér eftirlit með heilsu íþróttamanna og störf íþróttalækna. Sat hann þar námskeið, sem sérstaklega var fyrir íþróttalækna.

Því miður hefur það ekki verið notað sem skyldi af íþróttamönnum að vitja íþróttalæknis, þótt aðstaða til þess hafi verið auðvelduð mjög með því að flytja aðsetur hans til æfingamiðstöðvarinnar.

Hefur hvað eftir annað verið bent á nauðsyn þess, að íþróttamenn hafi reglulega eftirlit með heilsufari sínu, og virðist brýn þörf á úrbótum til þess að breyta því hugarfari, sem er ríkjandi meðal þeirra í þessum efnunum. Vert er þó að geta þess, sem til fyrirmyndar er í þessum málum, en það er samþykkt Handknattleiksráðs um að vottorð útgefið af íþróttalækni sé skilyrði fyrir þátttökuleysi í handknattleiksmótum.

### Félagsheimili á Íþróttavellinum

Félagsheimili var starfrækt á Íþróttavellinum eins og undanfarið yfir svartasta skammdegið. Þegar Knattspyrnufélagið Þróttur missti afnot af skála Ungmennafélags Grímsstaðarholts, en skálinn hefur verið aðalathvarf fyrir hið unga félag með félagslíf sitt, varð að ráði, að félagið

fengi afnot af húsnæði félagsheimilisins eitt kvöld í viku, og hefur aðsókn verið góð.

#### Héraðsdómstóll ÍBR

Engin kærúmal bærust á árinu, en lokið var afgreiðslu þess máls, sem skýrt er frá í síðustu ársskýrslu, þ. e. framkvæmdastjórn ÍSÍ gegn Erni Clausen, Inga Þorsteinssyni og Þorsteini Löve.

Var dómur kveðinn upp hinn 30. marz 1954 og var þar með lokið umfangmesta kærumáli, sem komið hefur til héraðsdómstóls.

Í héraðsdómstólnum áttu sæti Jón P. Emils, formaður, og með honum áttu sæti í dómnum Hermann Hermannsson og Þorgils Guðmundsson.

#### Íslenzkar getraunir

Á síðasta ári var bætt við nýjum lið í starfsemi Íslenzkra getrauna, og var stofnað til tveggja happdrætta samhliða hinum vikulegu getraunum. Var hið fyrra miðað við leiki, sem leiknir voru hinn 19. apríl, en hið síðara við leiki, sem fram fóru 18. desember.

Fór stjórn Íslenzkra getrauna fram á, að íþróttafélögin tækju að sér að annast sölu miða, eða sem svaraði 0.9 miða á hvern féлага. Vara boðað til fundar með formönnum félaganna hinn 19. febrúar og tóku félögin það að sér.

Þá seldu félögin í Reykjavík alls 6962 miða og var það 40% af heildarsölunni.

Við síðara happdrættið tóku flest félaganna að sér að annast svipaða tölu sedla, og varð sala félaganna alls 3379 miðar, og var það 36% af heildarsölunni.

Með bréfi dags. 17. jan s. l. hefur stjórn Íslenzkra getrauna farið þess á leit við stjórn bandalagsins, að hún studli að því að fá virkari þáttöku meðal féлага í íþróttafélögum en verið hefur. Hefur framkvæmdastjórnin ritað stjórn- um félaganna varðandi þetta, en enn hafa ekki borizt und-

irtektir nema eins félags. Framkvæmdastjórnin beinir hér með þeirri áskorun til stjórna félaganna, að þær studli að aukinni þátttöku og vinni að viðgangi þessa máls, sem komið var á fyrir beinar kröfur íþróttamanna.

## Framkvæmdir á íþróttasvæðunum

### Laugardalurinn

#### Leikvangurinn

Haldið var áfram við lagningu hlaupabrautar, unnið við stökkgrýfjur og atrennubrautir, og tyrft var meðfram brautum og áhorfendasvæði.

Aðalframkvæmdirnar voru að steiptir voru upp veggir syðri helmings stúkunnar, sem er um 50 m langt hús. Vannst ekki tími til að ljúka við loft, en það verður fyrsta verkefnið eftir að vinna hefst að nýju í vor, og verður í sumar lokið við þennan áfanga.

Síðari hluta árs var ekið efni til uppfyllingar ofan við áhorfendasvæðið allt umhverfis völinn, til þess að jafna jarðveginn undir lagningu palla.

#### Sundlaugin

Undanfarin ár hefur verið unnið að undirbúningi byggingu nýrrar sundlaugar í Laugardalnum. Nokkru fyrir síðustu áramót hófust framkvæmdir og er nú lokið við að grafa verulegan hluta grunnsins. Uppgröfturinn hefur verið notaður til uppfyllingar umhverfis leikvanginn í Laugardalnum.

Laugin er staðsett milli Sundlaugavegar og Leikvangsins nýja og er byggð samkv. teikningum Einars Sveinsonar, húsameistara Reykjavíkur.

Á yfirstandandi ári hefur bæjarstjórn ákv. að verja kr. 825.000.00 til framkvæmdanna í Laugardal.

### Íþróttasvæði KR

Á árinu var sett nýtt gólf í íþróttaskála félagsins. Fyrir í skálanum var leirgólf, sem sett var í salinn til bráðabirgða, og til reynslu, en nú var komið fyrir trégólfi ofan á gamla gólfið. Hefur breytingin aukið mjög notagildi hússins, og hefur það verið notað allt árið. S. l. sumar voru þar stundaðar æfingar í badminton.

Haldið var áfram við lagfæringar á malarvelli félagsins, og standa vonir til, að hann verið nothæfur á þessu ári.

### Íþróttasvæði Vals

Snemma á árinu hófust framkvæmdir við íþróttaskála að stærð 32×16 m og um áramót var framkvæmdum svo langt komið, að sperrur höfðu verið reistar. Standa vonir til, að skálinn verði tilbúinn til notkunar næstkomandi haust.

### Íþróttasvæði UMFR

Á s. l. hausti var lokið við 1. áfanga félagsheimilis félagsins, og var það vígt að viðstöddum borgarstjóra, skipulagsstjóra, ýmsum forvígsmönnum íþróttamálanna í Reykjavík, svo og gömlum ungmennafélögum. Hefur félagið með þessu öðlast sæmilega aðstöðu til fundahalda og minniháttar félagsstarfsemi. Til þessa hefur aðaláherzlan verið lögð á að koma félagsheimilinu á reksþöl, en framkvæmdir verið fremur litlar við íþróttasvæðið, en þar munu framkvæmdir hefjast af krafti á næsta vori.

### Íþróttasvæði Ármanns

Unnið var við lagningu hlaupabrautar, og kastsvæði jafnað, en að öðru leyti lágu framkvæmdir að mestu niðri. Unnið var að teikningum félagsheimilis, og vann Skarphéðinn Jóhannsson, arkitekt að þeim, og er þeim lokið. Er hafinn undirbúningur að byggingu félagsheimilis og búningsherbergja, og hefjast framkvæmdir að forfallalausum í vor.

### Íþróttasvæði Víkings

Steypt var upp félagsheimili og húsnæði fyrir búningsherbergi á hinu nýveitta svæði félagsins í Bústaðarhverfinu. Var allri steypuvinnu lokið og er nú húsið komið undir þak. Verður væntanlega lokið við það á þessu ári. Unnið var við að jafna land undir malarvöll, og unnið að ræsa-gerð.

Eins og að framan greinir, hafa þessar framkvæmdir félaganna kostað kr. 4.904.000.00 um síðustu áramót og verður vonandi hægt að halda sleitulaust áfram að því að ljúka þeim framkvæmdum, sem þegar eru hafnar, með tilstyrk bæjarstjórnar og íþróttanefndar. Reynsla undanfarinna ára hefur sannað og sýnt, að þau félög, sem komið hafa sér upp félagsheimilum og æfingaaðstöðu, hafa stórlega aukið starfsemi sína og styrkt mjög verulega bæði íþróttalega og félagslega. Má geta þess, að í því félagsheimili, sem er lengst komið af mannvirkjum félaganna, mun fjöldi heimsókna á ári nú vera um 45—55.000.

### Sérráðin

Innan bandalagsins starfa nú 7 sérráð og hafa flest þeirra aðsetur á skrifstofu bandalagsins.

Hér verður drepð á helztu þætti starfsemi þeirra á síðasta ári:

#### **Knattspyrnuráð:**

Stjórn þess var þannig skipuð: Sigurður Magnússon (Fram), formaður; Haraldur Gíslason (KR), varaformaður; Gunnlaugur Lárusson (Viking), gjaldkeri; Sveinn Zoega (Val), ritari og Kristvin Kristinsson (Þrótti), bréfitari.

Ráðið hélt alls 44 bókaða fundi. Í maí-mánuði varð ráðið 35 ára og í tilefni þess var lútin koma til framkvæmda reglugerð um heiðursviðurkenningu KRR. Voru í afmælishófinu ýmsir af forystumönnum íþróttarinnar síðastliðinn 3½ áratug heiðraðir fyrir unnin störf.

Á síðasta vori tók ráðið upp þá nýbreytni að raða fyrirfram niður öllum mótum og leikjum, sem fram fara í héraði, til mikils hagræðis fyrir alla hlutaðeigendur.

Á árinu fóru öll landsmót í knattspyrnu fram í Reykjavík, en alls fóru fram undir handleiðslu ráðsins 20 knattspyrnumót og í þeim voru háðir 167 kappleikir, en þar fyrir utan fóru fram á vegum félaganna 53 leikir, og hafa því alls verið leiknir 220 leikir á árinu.

#### Sundráð:

Formaður ráðsins var Einar Sæmundsson (KR), varaformaður Einar Hjartarson (Ármani), gjaldkeri Ari Guðmundsson (Ægi), bréfitari Örn Harðarson (ÍR) og fundaritari Erlingur Pálsson.

Stjórnin hélt alls 15 bókaða fundi á árinu. Á árinu fóru fram á vegum ráðsins eða einstakra félaga 7 opinber sundmót og 2 sundknattleiksmót.

#### Handknattleiksráð:

Stjórn þess var þannig: Karl Benediktsson (Fram), formaður; Gunnar Bjarnason (ÍR), varaformaður; Böðvar Guðmundsson (Þrótti), ritari; Þór Steingrímsson (Ármani), gjaldkeri og meðstjórnendur Ásgeir Magnússon (Viking), Þorbjörn Friðriksson (KR) og Pétur Bjarnason (Val).

Stjórnin hélt alls 20 bókaða fundi á árinu, og á vegum ráðsins fóru fram 4 handknattleiksmót og 2 keppnir.

#### Hnefaleikaráð:

Formaður þess var Sigurður Jóhannsson, gjaldkeri Þorkell Magnússon (Ármani) og ritari Lúðvík Einarsson (KR). Ráðið hélt alls 3 bókaða fundi. Ekkert mót var haldið á árinu.

#### Skíðaráð:

Formaður var Óskar J. Guðmundsson (KR), varaformaður Úlfar Skæringsson (ÍR), fundaritari Ásgeir Eyjólfsson (Ármani), gjaldkeri ferðasjóðs Lárus Jónsson, gjaldkeri Ólafur Ólason (Viking), og meðstjórnendur Ellen Sighvattsson (ÍK), Einar Einarsson (Skíðasveit skáta) og Pétur Antonsson (Val).

Stjórnin hélt alls 15 bókaða fundi á árinu og sá um framkvæmd 3 skíðamóta.

#### Frjálsíþróttaráð:

Formaður var Halldór Sigurgeirsson, varaformaður Jóhann Jóhannesson (Ármani), gjaldkeri Gunnar Snorsson (UMFR), ritari Torfi Bryngeirsson (KR), fundaritari Marteinn Guðjónsson (ÍR).

Stjórnin hélt alls 11 bókaða fundi og á vegum ráðsins fóru fram 4 frjálsíþróttamót. Hagnaður af þeim varð enginn.

#### Glimuraráð:

Stjórn þess var þannig: Formaður Gísli Guðmundsson (Ármani), varaformaður Ragnar Ásmundsson (KR) og gjaldkeri Gunnar Ólafsson (UMFR).

Stjórnin hélt alls fundi á árinu og innan þess fóru fram kappglimur á árinu.

## Niðurlagsorð

Hér að framan hefur verið getið helztu mála, sem bandalagið hefur fjallað um og afgreitt á s. l. ári.

Vill framkvæmdastjórnin að lokum nota tækifærið og þakka öllum samstarfsaðilum sínum, bæði innan íþróttahreyfingarinnar og utan hennar, fyrir góða og ánægjulega samvinnu, og væntum þess, að svo megi vera á komandi árum.

Reykjavík í marz 1955

Framkvæmdastjórn ÍBR.

*Gísli Halldórsson.*

*Baldur Möller.*

*Björn Björgvinsson.*

*Jón Þórðarson.*

*Andreas Bergmann.*

## Fulltrúar á ársþing ÍSÍ og ÍBR

	Fulltrúar á ÍSÍ-þingið	Afgangsatkvæði	Fulltrúar á ÍBR-þing
Glinufélagið Ármann	2	203	5
Golfklúbbur Reykjavíkur	0	224	3
Íþróttafélag kvenna	0	75	2
Íþróttafélag Reykjavíkur	1	286	5
Íþróttafélag stúdenta	0	40	2
Knattspyrnufélagið Fram	1	267	5
Knattspyrnufélag Reykjavíkur	3	160	5
Knattspyrnufélagið Valur	1	200	5
Knattspyrnufélagið Víkingur	1	160	5
Knattspyrnufélagið Þróttur	1	150	5
Róðrafélag Reykjavíkur	0	43	2
Skandinavisk Boldklub	0	69	2
Skautafélag Reykjavíkur	0	138	2
Skíðafélag Reykjavíkur	1	134	5

Skíðasveit skáta	0	94	2
Skylmingafélagið Gunnlogi	0	25	2
Körfuknattleiksfélagið Gosi	0	15	2
Skotfélag Reykjavíkur	0	130	2
Skylmingafélag Reykjavíkur	0	34	2
Sundfélagið Ægir	0	164	3
Ungmennafélag Reykjavíkur	1	122	5
Tennis- og badmintonfélag Rvíkur	0	215	3
	12	2948	74
Fyrir afgangsatkvæði	10		
Sérráðin			7
	22		81

## Fjárhagsáætlun ÍBR 1955

	Tekjur:	Gjöld:
Framlag Reykjavíkurbæjar	105.500.00	
Skattar félaganna	7.700.00	
Slyasjóður v/ læknisskoðunar	7.000.00	
2% af greiddum styrkjum	7.000.00	
Laun framkvæmdarstjóra		44.000.00
Læknisskoðun íþróttamanna		17.000.00
Skautasvell		34.000.00
Félagsheimili á Íþróttavellinum		10.000.00
Húsaleiga, ljós og hiti		8.500.00
Sími og póstur		2.500.00
Ritföng og skrifstofuvörur		2.000.00
Fundahöld		3.000.00
Húsgögn og áhöld á skrifstofu		2.500.00
Bækur og blöð		2.000.00
Óviss útgjöld		1.700.00
	Kr. 127.200.00	127.200.00

### Rekstursreikningur Íþróttabandalags Reykjavíkur

#### GJÖLD:

Laun framkvæmdastjóra .....		42.416.35
Læknisskoðun íþróttamanna .....		17.000.00
Skautasvell og félagsheimili .....		26.874.51
Húsaleiga .....	16.818.35	
÷ innborgað af leigjendum .....	<u>8.400.00</u>	8.418.35
Kostnaður vegna afmælis ÍBR .....		6.245.90
Sími og póstur .....		2.387.40
Bækur og blöð .....		1.909.05
Ársþing og fundir .....		2.735.25
Kostnaður vegna móta .....		1.835.65
Kostnaður v/ 17. júní .....		284.25
Prentun á ársskýrslu og fjölritun .....		3.379.93
Bréfséfnir, ritföng og skrifstofuvörur .....		3.296.00
Auglýsingar .....		824.60
Slysatryggingargjald og vátrygging .....		1.244.40
Teikningar af merki ÍBR .....		440.00
Gjafir .....		550.00
Ýmiss kostnaður .....		1.363.15
Afskrifað af áhöldum, 10% af 21.859.34 .....	2.185.93	
Afskrifað af verðlaunapeningastanz, 10% af 1.075.00 ..	<u>107.50</u>	2.293.43
Reksturshagnaður .....		7.878.79
	Kr.	<u>131.377.01</u>

### Efnahagsreikningur Íþróttabandalags

#### EIGNIR:

Sjóður .....		32.468.43
Áhöld .....	21.859.34	
÷ afskrifað .....	<u>8.431.20</u>	13.428.14
Verðlaunapeningaöskjur .....		693.00
Verðlaunapeningastanz .....	1.075.00	
÷ afskrifað .....	<u>430.00</u>	645.00
FRÍ. lán .....		3.300.00
Fánateikning .....		300.00
Bingóhappdrættisspjöld .....		1.423.61
Útistandandi húsaleiga .....		1.200.00
Íþróttahús ÍBR, lán .....		750.00
Ofgreiddur styrkur .....		525.00
Útistandandi hjá íþróttafélögunum vegna skólanna ..		18.746.26
	Kr.	<u>73.979.44</u>

### frá 1. janúar 1954 til 31. desember 1954

#### TEKJUR:

Framlag Reykjavíkurbæjar .....	415.000.00
÷ greiddir styrkir .....	<u>310.500.00</u>
	104.500.00
Framlag slysaþjóðs vegna læknisskoðunar .....	7.000.00
2% af greiddum styrkjum .....	6.110.00
Skattar félaganna .....	32.382.00
÷ hluti ÍSÍ .....	<u>24.672.00</u>
	7.710.00
Tekjur af gufubaði á Íþróttavellinum .....	515.00
Eftirgefið af skatti til ÍSÍ .....	1.800.00
Vextir af hlr. Lb. 5052 .....	142.01
Innkomið fyrir augl. í ársskýrslu .....	3.600.00

Kr. 131.377.01

### Reykjavíkur pr. 31. desember 1954

#### SKULDIR:

Áhaldakaupasjóður vegna læknisskoðunar .....	3.000.00
Fyrirframreiðsla frá Reykjavíkurbæ .....	40.000.00
Höfuðstóll pr. 1. janúar 1954 .....	23.100.65
Hagnaður á árinu .....	<u>7.878.79</u>
	30.979.44

Kr. 73.979.44

## Rekstursreikningur Íþróttahúss ÍBR

### GJÖLD:

Reksturskostnaður:		
Vinnulaun .....	35.274.76	
Olía .....	31.952.00	
Rafmagn .....	9.441.54	
Opinber gjöld og iðgjöld .....	3.132.00	
Prentunarkostnaður .....	1.911.40	
Símakostnaður .....	1.199.60	
Hjúkrunarvörur .....	321.60	
Ýmislegt .....	2.946.94	
	<hr/>	86.179.84
Viðhald og endurbætur:		
Málningarvörur .....	1.937.91	
Rafmagn .....	4.115.46	
Vatns- og hitakerfi .....	1.347.42	
Markstengur .....	915.89	
Ýmislegt viðhald .....	546.70	
	<hr/>	8.863.38
	<hr/>	<hr/>
Kr.		95.043.22

## Efnahagsreikningur Íþróttahúss

### EIGNIR:

Íþróttahúsið .....	137.000.00
Áhöld .....	8.186.51
Peningar í sjóði .....	212.96
	<hr/>
Kr.	145.399.47

28

## frá 1. janúar 1954 til 31. desember 1954

### TEKJUR:

Leigutekjur:		
Vegna æfinga .....	44.525.00	
Vegna móta og sýninga .....	18.413.12	
Önnur leiga .....	6.380.00	
	<hr/>	69.318.12
Styrkur frá Reykjavíkurbæ .....		5.000.00
Sælgætissöluleyfi .....		1.000.00
Innkomið fyrir gosdrykki .....	25.529.99	
keyptir gosdrykkir .....	10.182.00	
	<hr/>	15.347.99
Vaxtatekjur .....		29.40
Reksturshalli .....		4.347.71
	<hr/>	<hr/>
Kr.		95.043.22

## ÍBR pr. 31. desember 1954

### SKULDIR:

Lán frá ÍBR .....	750.00
Slysaþjófur ÍBR .....	6.477.45
Höfuðstóll 1. janúar 1954 .....	142.519.73
Halli á árinu .....	4.347.71
	<hr/>
	138.172.02
	<hr/>
Kr.	145.399.47

29

## Rekstursyfirlit Slysstryggingasjóðs íþróttamanna

### GJÖLD:

Slysabætur:		
11 knattspyrnumenn .....	13.556.90	
1 handknattleiksmaður .....	520.00	
1 glímumaður .....	1.000.00	
		15.076.90
Framlag ÍBR v/ læknisskoðunar .....		7.000.00
Prentun á eyðublöðum .....		270.95
Afskrifað af áhöldum 10% af 2.807.50 .....		280.75
Reksturshagnaður .....		15.472.94
		<hr/>
Kr.	38.101.54	

## Efnahagsreikningur Slysstryggingasjóðs

### EIGNIR:

Landsbankabók nr. 469 .....	28.897.44	
Landsbankabók nr. 1641 .....	40.100.00	
		66.997.44
Skuldabréf:		
Íþróttahús KR .....	13.000.00	
Byggingarsamvinnufélag barnakennara .....	5.000.00	
Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur .....	30.000.00	
Byggingarsamvinnufélag stjórnarráðsins .....	15.000.00	
		63.000.00
Íþróttahús ÍBR, skuld .....		6.477.45
Áhöld .....	2.807.50	
÷ afskrifað .....	280.75	
		2.526.75
		<hr/>
Kr.	139.001.64	

## frá 1. janúar 1954 til 31. desember 1954

### TEKJUR:

Frá Íþróttavellinum .....	26.237.06	
Frá Íþróttahúsi ÍBR .....	3.468.55	
Frá skíðafélagunum 1953-1954 .....	992.50	
Vextir af skuldabréfum .....	4.765.00	
Vextir af Lb.sp. 469 .....	2.538.43	
Vextir af Lb.sp. 1641 .....	100.00	
		<hr/>
		7.403.43
		<hr/>
Kr.	38.101.54	

## íþróttamanna pr. 31. desember 1954

### SKULDIR:

Höfuðstóll pr. 1. janúar 1954 .....	123.528.70	
Reksturshagnaður .....	15.472.94	
		<hr/>
		139.001.64
		<hr/>
Kr.	139.001.64	

## Skýrsla

### um vallarleigu á Íþróttavellinum í Reykjavík sumarið 1954

Jan.	26.	Álfabrenna og dans .....	9.860.00
Apríl	25.	Úrslit hraðkeppni 1953: KR—Valur B .....	434.25

#### Reykjavíkurmót:

Mái	2.	KR—Vikingur .....	845.50
	3.	Fram—Þróttur .....	655.50
	9.	KR—Valur .....	576.50
	10.	Fram—Vikingur .....	657.75
	16.	Valur—Þróttur .....	403.00
	17.	Fram—KR .....	823.50
	23.	Vikingur—Þróttur .....	204.50
	24.	Fram—Valur .....	893.25
	30.	KR—Þróttur .....	203.25
	31.	Valur—Vikingur .....	319.50
			<hr/>
			5.582.25
	12.	Afmælisleikur KR (KR—ÍA) .....	7.123.00

#### Heimsókn úrvalslíðs Hamborgar:

	28.	Reykjavík—Hamborgarúrval .....	15.253.25
Júní	2.	KR—Hamborgarúrval .....	7.294.25
	4.	Akranes—Hamborgarúrval .....	20.135.25
			<hr/>
			42.682.75

#### Íslandsmótið:

	8.	KR—Vikingur .....	568.00
	13.	Fram—ÍA .....	2.690.00
	14.	Valur—Þróttur .....	391.25
	20.	Fram—KR .....	1.130.25
	21.	Vikingur—Valur .....	689.50
	23.	Þróttur—ÍA .....	1.958.50
	24.	Fram—Valur .....	604.00
Júlí	11.	Þróttur—KR .....	334.50
	12.	Vikingur—ÍA .....	1.307.75
Ág.	12.	Valur—ÍA .....	2.585.00
	13.	Vikingur—Þróttur .....	380.75
	15.	KR—Valur .....	904.00
	16.	Fram—Þróttur .....	273.50
	18.	ÍA—KR og Fram—Vikingur .....	12.850.75
			<hr/>
			26.667.75

#### Heimsókn norska landsliðsins:

Júlí	4.	Ísland—Noregur .....	33.547.25
	7.	Akranes—Norðmenn .....	21.050.25
	9.	Reykjavík—Norðmenn .....	7.715.50
			<hr/>
			62.313.00
	17.	Úrslit Landsmóts I. flokks (KR—Akureyri) .....	2.749.00
			<hr/>
			65.062.00
			<hr/>
			5.746.75

#### Haustmót meistaraflökks:

Sept.	12.	KR—Vikingur og Valur—Þróttur .....	586.00
	19.	Valur—Fram og Vikingur—Þróttur .....	298.00
Okt.	10.	Fram—KR og Valur—Vikingur .....	372.00
	17.	KR—Þróttur og Fram—Vikingur .....	341.00
	24.	Fram—Þróttur og KR—Valur .....	453.50
			<hr/>
			2.050.50
Mái	3.	Reykjavík—Akranes .....	9.128.93
	22.	Reykjavíkúrval—IFK Kristianstad .....	1.820.00
	27.	Reykjavíkúrval—IFK Kristianstad .....	1.972.50
			<hr/>
			3.792.50
	29.	E. Ó. P.-mótið .....	304.25
	30.	E. Ó. P.-mótið .....	258.50
Júní	15.	17. júní-mótið .....	303.75
Júlí	30.	Meistaramót Reykjavíkur .....	32.50
	29.	Meistaramót Reykjavíkur .....	85.00
	13.	ÍR-mótið .....	236.00
Ág.	8.	Meistaramót Íslands .....	238.75
	9.	Meistaramót Íslands .....	76.25
	7.	Meistaramót Íslands .....	207.25
	28.	Unglinga- og drengjamót Íslands .....	100.00
	29.	Unglinga- og drengjamót Íslands .....	67.50
Sept.	4.	Tugbraut Meistaramóts Íslands .....	110.50
	5.	Tugbraut Meistaramóts Íslands .....	310.50
			<hr/>
			2.330.75

Samtals 180.461.43

÷ 9.860.00

Vallarleiga af mótum 170.601.43

Gjald til Slysasjóða: .....	34.120.28	
Slysasjóður ÍBR .....		26.237.34
Slysasjóður Akraness .....		7.882.94
	<hr/>	<hr/>
	34.120.28	34.120.28

## Rekstursreikningur Íþróttavallarins í Reykjavík

pr. 31. desember 1954

### TEKJUR:

1. Sælgætissöluleyfi .....	33.500.00	
2. Húsaleiga .....	500.00	
3. Vallarleiga .....	180.461.43	
÷ slysasjóður .....	34.120.00	
	<hr/>	146.341.43
4. Vextir af Sp. 3721 Bún. ....	113.67	
Vextir af 4477 Útv. ....	279.60	
	<hr/>	393.27
5. Bæjarsjóður endurgr. félagsstyrkir .....	45.000.00	

### GJÖLD:

1. Vinnulaun .....	132.166.38	
2. Áhöld .....	3.552.39	
3. Akstur .....	2.545.18	
4. Ljós & hiti .....	24.228.43	
5. Kít .....	7.130.30	
6. Krít .....	2.879.70	
7. Hjúkrunarvörur .....	3.227.50	
8. Sími .....	9.536.65	
9. Prentun .....	4.477.80	
10. Magnari .....	792.56	
11. Hreinlætisvörur .....	4.024.95	
12. Ýmislegt .....	7.933.76	
12. Fylgiskjöl er glötuðust v/ innbrots .....		
	Kr.	225.734.70 202.495.60
		23.239.10
Mismunur .....		
	Kr.	225.734.70 225.734.70

### Efnahagsreikningur

#### EIGNIR:

Í Útvegsbankanum .....	23.125.48
Í Búnaðarbankanum .....	1.997.56

#### SKULDIR:

Höfuðstóll pr. 1. janúar 1954 .....	1.883.89
Tekjuafgangur sbr rekstursreikning .....	23.239.10
	Kr.
	25.122.99 25.122.99

## Lánasjóður Íþróttabandalags Reykjavíkur

Rekstursreikningur frá 1. janúar 1954 — 31. desember 1954

### GJÖLD:

Prentun á skipulagsskrá .....	155.00
Kvittanahefti .....	303.09
Reksturshagnaður .....	3.019.95
	<hr/>
	Kr. 3.478.04

### TEKJUR:

Framlög .....	3.350.00
Vextir af Lb. 80319 .....	128.04
	<hr/>
	Kr. 3.478.04

### Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1954

#### EIGNIR:

Innstæða Lb. 80319 .....	3.943.05
Útistandandi .....	1.450.00
	<hr/>
	Kr. 5.393.05

#### SKULDIR:

Höfuðstóll pr. 1. janúar 1954 .....	2.373.10
Hagnaður samkv. rekstursreikningi ....	3.019.95
	<hr/>
	5.393.05
	<hr/>
	Kr. 5.393.05

## Samnorræna sundkeppnin 1954

Rekstursreikningur pr. 31. desember 1954

### GJÖLD:

Auglýsingar í blöðum og útvarpi .....	5.819.00	
Auglýsingar í kvikmyndahúsum .....	650.00	
		<hr/>
		6.469.00
Greidd vinnulaun .....		1.585.66
Kaup á fánum og viðgerðir á þeim .....		1.431.35
Veitingar fyrir starfsfólk .....		3.017.00
Prentun og myndamót .....		864.05
Akstur .....		108.00
Gluggasýningar .....		650.00
Póstur og sími .....		190.00
Auglýsingasegl .....		306.34
Ljósmyndun .....		405.00
Ljósmyndun .....		14.628.55
Reksturshagnaður .....		<hr/>
	Kr.	29.654.95

### TEKJUR:

Tekjur af merkjasölu .....	28.195.00
Greitt af landsnefnd vegna auglýsingakostnaðar .....	1.224.00
Vextir af bankabók .....	235.95
	<hr/>
	Kr. 29.654.95

### Sala merkja:

Sundhöll Reykjavíkur .....	71.150.00
Sundlaugar Reykjavíkur .....	37.930.00
Selt á öðrum stöðum .....	3.700.00
Hluti landsnefndar .....	84.585.00
Hluti framkvæmdanefndar .....	28.195.00

Kr. 112.780.00 112.780.00

### Skipting hagnaðar:

Húsbyggingarsjóður ÍBR .....	7.314.28
Sundráð Reykjavíkur .....	7.314.27

Kr. 14.628.55

## Sundlaug Vesturbæjar

Rekstursreikningur frá 1. janúar 1954 — 31. desember 1954

### TEKJUR:

Framlag Reykjavíkurbæjar 1953 .....	75.000.00
Framlag Reykjavíkurbæjar 1954 .....	75.000.00
Framlög á árinu .....	2.935.00
Vextir af innstæðum .....	6.701.10

Kr. 159.636.10

### GJÖLD:

Greitt fyrir auglýsingar og auglýsingasöfnun .....	489.00
Reksturshagnaður .....	159.147.10

Kr. 159.636.10

## Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1954

### EIGNIR:

Innstæða Bb. Í. nr. 28937 .....	75.937.12
Innstæða LB. Í. nr. 79857 .....	4.575.70
Innstæða Ib. Í. nr. 10621 .....	133.583.02
Innstæða Ib. Í. 12253 .....	90.000.00
Vinnuloforð .....	5.500.00

Kr. 309.595.84

### SKULDIR:

Höfuðstóll pr. 1. janúar 1954 .....	150.448.74
Hagnaður á árinu .....	159.147.10

309.595.84

Kr. 309.595.84

## Minningarsjóður íþróttamanna í Reykjavík

Rekstursreikningur frá 1. janúar 1954 — 31. desember 1954

### GJÖLD:

Myndamót .....	168.40
	<u>Kr. 168.40</u>

### TEKJUR:

Minningjargjafir .....	125.00
Vextir af innstæðu .....	12.65
Tap á árinu .....	30.75
	<u>Kr. 168.40</u>

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1954

### EIGNIR:

Innstæða í Lb. 80318 .....	207.60
	<u>Kr. 207.60</u>

### SKULDIR:

Höfuðstóll 1. janúar 1954 .....	238.35
Tap á árinu .....	30.75
	<u>Kr. 207.60</u>

## Sjóður fyrirverandi Fimleikaráðs Reykjavíkur

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1954

### EIGNIR:

Sparisjóðsbók nr. 15498 við Útvegsb. Íslands ....	352.73
	<u>Kr. 352.73</u>

### SKULDIR:

Höfuðstóll pr. 1. janúar 1954 .....	335.76
Vaxtatekjur .....	16.97
	<u>352.73</u>
	<u>Kr. 352.73</u>

Húsbyggingarsjóður ÍBR 31.8 — 31.12 1954

### TEKJUR:

Stofnifé .....	10.000.00
Framlög .....	9.000.00
Hagnaður af Samnorrænu sundkeppninni .....	7.314.28
Vextir .....	19.93
	<u>Kr. 26.334.21</u>

### EIGNIR:

Innstæða í Landsbankabók 81720 .....	16.334.21
Ógreidd framlög .....	10.000.00
	<u>Kr. 26.334.21</u>

*Seljum alls konar*

TRJÁVIÐ,  
KROSSVIÐ,  
ÞILPLÖTUR,  
EIK  
o. fl.

*Smíðum*

ÚTIHURÐIR,  
GLUGGA  
o. fl.

## Slippfélagið í Reykjavík

## ÁVEXTIR

er nauðsynleg fæða fyrir íþróttamenn sem aðra

Oftast fyrirleggjandi:

NÝIR ÁVEXTIR  
ÞURRKAÐIR ÁVEXTIR  
NIÐURSOÐNIR ÁVEXTIR

frá bestu viðskiptasamböndum  
erlendis.

*Magnús Kjaran*

*Umboðs- og heildverzlun.*

## LANDSSMÍÐJAN

*Símar 1680 (4 línur) og 6680*

Framleiðum flestar tegundir fimleika-  
tækja, svo sem:

STÓRA HESTA (langhesta)

LITLA HESTA (kubbhesta)

HÁSTÖKKSSÚLUR

JAFNVÆGISBEKKI

KISTUR

Ennfremur framleiðum við og tökum  
að okkur uppsetningu á:

RIMLUM í fimleikasali

JAFNVÆGISSLÁM (færanl.)

KAÐLASAMSTÆÐUM

Smíðum einnig öll tæki til hitunar og  
loftræstingar í íþrótt- og samkomu-  
sali.

MUNID AD TRYGGING ER NAUÐSYN!



**Almenningur**  
líftryggir sig hjá  
„Almennum“

Allar tegundir trygginga  
með beztu fánlegum  
kjörum

**ALMENNAR**  
**TRYGGINGAR H.F.**  
Austurstræti 10 . Sími 7700

**TAKID EFTIR!**

Við erum ávallt sæmilega birgir af alls konar eignum  
til innréttinga.

Höfum innréttað mörg  
íprótta- og félagsheimili.  
Eigum á lager:  
Birkiparkett.  
Píljur — birki og mahogny.  
Hurðir allskonar.  
Tackett — gólfefnið fræga.

**BYGGIR H F.**

Sími 6069.

**VÖRUR**  
**TIL**  
**BYGGINGA**

**Cement**

*(vanalegt, fljótharðnandi og hvítt)*

**Steypustyrktarjárn**

**Mótavír**

**Bindivír**

**Bindilykkjur**

**Kalk**

**Léttblendi** (í steypu)

**Þakpappi**

**Þakjárn**

**Pappasaumur**

**Þaksaumur**

**Saumur 1"—7"**

**Múrhúðunarnet**

**Snowcem**

*12½—25 og 50 kg. dk.*

*H. Benediktsson & Co. h.f.*




SHELL RYDUR  
ENN BHAUTINA  
FYRIR BETRI OG  
ÖDYRARI AKSTUR

Hið endurbætta „Shell“-benzín  
með I.C.A. eykur orku  
hreyfilsins

I.C.A. kemur í veg fyrir glóðarkveikju og hindrar skammhlaup  
í kertum.

Hreyfillinn vísar því jafnar við öll akstursskýrði.

ÞINGÖNGU „SHELL“-BENZÍN DINKHELDUR I.C.A.



Allt til  
íþróttaiðkana

**HELLAS**  
Lanugavegi 26 . Sími 5196



Íþróttamenn og leiðtogar!

Fylgizt með tízkunni!  
Verzlið á réttum stað.  
Hefi efni hinna vandlátu



**Guðbjörn  
Jónsson**

*klæðskeri*  
Túngötu 2  
Sími 81117

PRENTUM:

Bækur,

blöð,

tímarit

og

ýmiskonar

smáprent



Öll vinna

fljótt og vel

af hendi leyst



# Víkingsprent

Hverfisgötu 78 — Sími 2864

# Útgerðarmenn

Getum útvegað til

afgreiðslu strax frá

verksmiðjunni, 10,

23 og 30 hestafla

S K A N D I A

hráolíu bátavélar

# Skandiaumboðið

Hafnarhúsinu — Reykjavík — Sími 3479

# SIGGABÚÐ

*Skipasundi 51*



*óskar ÍBR og  
öllum félögum  
innan þess  
gæfu og gengis*

1 x 2 1 x 2 1 x 2 1 x 2 1 x 2 1 x 2 1 x 2 1 x 2 1 x 2

1 x 2  
1 x 1  
1 x 2  
1 x 1  
2 x 1  
2 x 1  
2 x 1  
2 x 1  
2 x 1  
2 x 1



Almenn þátttaka í getraununum  
tryggir vöxt og viðgang  
íþróttalífs landsins.

ÍÞRÓTTAMENNI!

Takið þátt í ykkar eigin happdrætti!  
Auðveldasta þátttökuáferðin er með fastaröðum.

1 x 2  
1 x 2  
1 x 2  
1 x 2  
1 x 2  
1 x 2  
1 x 2  
1 x 2  
1 x 2


1 x 2 1 x 2 1 x 2 1 x 2 1 x 2 1 x 2 1 x 2 1 x 2 1 x 2

## Íþróttabandalag Reykjavíkur

beinir þeirri áskorun til allra félaga,  
sér ráða og sérsambanda innan íþróttahreyfingarinnar, að þau noti öðru fremur þau félagsheimili, sem þegar hafa verið byggð í Reykjavík, til hvers konar þinga og fundahalda



## Íþróttavörur



FERDATÖSKUR

*margar gerðir og stærðir*

FERDAFATNAÐUR

*fjölbreytt úrval*



*Havaldarbrúð*

*Reykjavík*